

## AUGLÝSING

um skipulagsmál í Fjarðabyggð.

*Deiliskipulag Högnastaða, lóð 1.*  
Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti 29. mars 2012 deiliskipulag Högnastaða, lóð 1.  
Deiliskipulagssvæðið er austan Ljósár norðanmegin í Reyðarfirði og er 4.365 m<sup>2</sup> að stærð. Gert er ráð fyrir að byggt verði eitt frístundahús innan byggingarreits ásamt frístandandi geymslu.  
Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010.  
Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, 30. mars 2012,*

**Páll Björgvin Guðmundsson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 4. apríl 2012